

AUGLÝSING

um skrá Dvalarheimilisins Áss skv. 2. mgr. 19. gr.
laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarfræðingar í félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga:	
Hjúkrunarforstjóri	1,0 stöðugildi
Hjúkrunarfræðingur á dagvakt	1,0 stöðugildi
Hjúkrunarfræðingur á bakvakt á kvöld- og næturvöktum	1,0 stöðugildi
Sjúkraliðar í S.L.F.Í.:	
Dagvakt	2 sjúkraliðar
Kvöldvakt	1 sjúkraliði
Næturvakt	1 sjúkraliði

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2005.

Hveragerði, 25. janúar 2005.

F.h. Dvalarheimilisins Áss,

Gísli Páll Pálsson framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Samherja hf., Fiskimjöl og Lýsi, kt. 610297-3079, Ægisgötu 2, 240 Grindavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun, 18. janúar 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*